


Deloitte.



Fjármálastjórakönnun Deloitte

Haust 2018

Fjármálastjórakönnun Deloitte | Haust 2018

Bjartsýni fjármálastjóra heldur áfram að dragast saman

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr fjármálastjórakönnun Deloitte. Könnunin er gerð tvisvar á ári og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins.

Þetta er í tíunda sinn sem könnunin er framkvæmd hér á landi og hún er nú í annað skipti unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA svæðinu (Europe, Middle East and Africa). Niðurstöður endurspeglar því skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við fjármálastjóra í 20 EMEA löndum, þar sem við á.

Rafrænn spurningalisti var sendur til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í september síðastliðnum og viljum við þakka þeim 73 fyrirtækjum sem tóku þátt kærlega fyrir.



Staða og horfur

- Dregið hefur úr bjartsýni fjármálastjóra á Íslandi en um 38% telja að EBITDA muni aukast á næstu 12 mánuðum samanborið við 51% síðastliðið vor. Þar að auki telja um 53% að tekjur muni aukast á næstu 12 mánuðum samanber 65% síðastliðið vor. Bjartsýni fjármálastjóra á EMEA svæðinu í heild fer einnig dvínandi.
- Minni bjartsýni er meðal fjármálastjóra utan Evrusvæðisins en innan þess. Ísland hefur neikvæða nettó stöðu (-14%), þ.e það eru hlutfallslega fleiri sem telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað frekar en batnað á síðustu þrem mánuðum.
- Meirihluti fjármálastjóra (70%) leggja áherslu á hagræðingu í rekstrarkostnaði.



Fjármögnun og fjárfestingar

- Mikill meirihluti fjármálastjóra (86%) stefnir á að halda skuldsetningu óbreyttri eða draga úr henni á næstu 12 mánuðum.
- Af þeim fjármögnunarleiðum sem spurt er um meta flestir fjármálastjórar hérlendis innri fjármögnun hagkvæma en lántöku óhagkvæma. Fjármálastjórar innan EMEA telja lántöku hjá bönkum hagkvæma en útgáfu hlutfjár óhagkvæmasta valkostinn.
- Um 87% fjármálastjóra segjast engar fyrirætlanir hafa um erlendar fjárfestingar eða lántökur og færri fjármálastjórar finna nú fyrir auknum áhuga frá erlendum fjárfestum (18% samanborið við 24% á síðasta ári).



Markaður og efnahagur

- Minni bjartsýni gætir til hagvaxtar á Íslandi. Aðeins 14% íslenskra fjármálastjóra telur að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum.
- Gengisþróun krónunnar heldur áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja og telur meirihluti fjármálastjóra (84%) að gengi íslensku krónunnar muni veikjast verulega eða veikjast nokkuð á næstu sex mánuðum.
- Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar búast fjármálastjórar á Íslandi við hærri verðbólgu á næstu 12 mánuðum.



Óvissa og áhætta

- Meirihluti íslenskra fjármálastjóra metur að sú fjárhagslega og efnahagslega óvissa sem fyrirtæki þeirra stendur frammi fyrir sé eðlileg (60%) á meðan meirihluti fjármálastjóra á EMEA svæðinu (62%) telur að óvissan sé mikil.
- Þrátt fyrir að efnahagsleg og fjárhagsleg óvissa mælist tiltölulega lág á Íslandi telja aðeins 12% íslenskra fjármálastjóra að nú sé góður tími til þess að auka áhættu í efnahagsreikningi og er Ísland þriðja neðsta landið þegar það kemur að vilja til áhættutöku.
- Dregið hefur úr vilja til áhættutöku í öllum löndum nema í Grikklandi.


Þátttakendur könnunar

Velta og atvinnugreinar

- Þátttakendur könnunar eru fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja. Rúmlega helmingur þátttakenda starfar hjá fyrirtækjum með veltu yfir 5 ma.kr. á ári.
- Flest svör fengust frá fjármálastjórum fyrirtækja sem starfa í verslun og þjónustu, framleiðslu og byggingariðnaði.
- Könnunin er unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA svæðinu. Niðurstöður endurspeglar þannig skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við tæplega 1400 fjármálastjóra í 20 EMEA löndum þar sem við á.
- Meðaltal niðurstaðna EMEA landa er vegið eftir landsframleiðslu hvers lands.
- Löndin í EMEA hópnum eru Austurríki, Belgía, Sviss, Þýskaland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Írland, Ísland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rússland, Svíþjóð, Tyrkland og Bretland.


Hver var velta þíns fyrirtækis á síðasta ári?

Mengi svarenda á Íslandi



Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?

Mengi svarenda á Íslandi




Væntingar til næstu 12 mánaða


Væntingar til reksturs

- Dregið hefur úr bjartsýni íslenskra fjármálastjóra gagnvart aukningu tekna og EBITDA á næstu 12 mánuðum borið saman við vor 2018. Einnig eru fleiri fjármálastjórar neikvæðir en áður og þar af leiðandi hefur nettó viðhorf dregist töluvert saman. Þrátt fyrir það er nettó viðhorf enn jákvætt þ.e.a.s. fleiri fjármálastjórar búast við aukningu frekar en samdrætti í bæði tekjum (32%) og EBITDA (3%).
- Fjármálastjórar á Evrusvæðinu eru bjartsýnni á þróun þessara lykilstærða, 69% búast við tekjuaukningu í samanburði við aðeins 46% fjármálastjóra utan Evrusvæðisins og 69% búast við aukningu í EBITDA í samanburði við 46% fjármálastjóra utan þess.
- Mesta bjartsýnin gagnvart aukningu tekna ríkir í Hollandi og Belgíu þar sem yfir 80% fjármálastjóra telja að tekjur muni aukast. Lægsta hlutfallið er í Póllandi, eða um 20%. Breskir fjármálastjórar eru einnig svartsýnir á stöðuna og telja um 37% að tekjur muni dragast saman á næstu 12 mánuðum.
- Að sama skapi gera flestir fjármálastjórar ráð fyrir lækkun EBITDA í Bretlandi eða um 66%.
- Á Norðurlöndunum eru Svíar bjartsýnastir á tekjuaukningu (77%). Fjármálastjórar í Noregi eru hins vegar bjartsýnastir á þróun EBITDA (61%).

Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




Ráðningar og fjárfestingar


Ráðningar og fjárfestingar

- 13% fleiri fjármálastjórar á EMEA svæðinu telja að þeir muni auka við ráðningar nýrra starfsmanna en draga úr þeim á næstu 12 mánuðum. Þetta hlutfall hefur dregist saman um 12% síðan í vor.
- Ísland, Tyrkland og Bretland eru einu þrjú löndin sem sjá fram á að draga muni úr ráðningum frekar en að þær aukist á næstu 12 mánuðum.
- Fjármálastjórar innan Evrusvæðisins eru mun jákvæðari á ráðningu nýrra starfsmanna (30% nettó) en utan þess (-12% nettó)
- 17% fleiri fjármálastjóra í EMEA löndunum telja að þeir muni auka fjárfestingar en draga úr þeim. Þetta hlutfall hefur dregist saman um 15% frá því í vor.
- 21% fleiri íslenskra fjármálastjóra telja að þeir muni auka við fjárfestingar frekar en draga úr þeim á næstu 12 mánuðum. Þetta hlutfall hefur hækkað um 18% frá því í vor.
- Fjármálastjórar í Belgíu eru bjartsýnastir á aukna ráðningu nýrra starfsmanna (59%) en fjármálastjórar í Bretlandi svartsýnastir (6%). Fjármálastjórar í Írlandi eru bjartsýnastir á að auka fjárfestingar (64%) en fjármálastjórar í Bretlandi svartsýnastir (11%).

Hvernig telur þú að ráðningar nýrra starfsmanna í þínu fyrirtæki muni próast á næstu 12 mánuðum?



Hvernig telur þú að fjárfestingar í þínu fyrirtæki muni próast á næstu 12 mánuðum?




Fjárhagsleg áhætta


Óvissa og áhætta

- Almennt (60%) telja fjármálastjórar á Íslandi fjárhagslega og efnahagslega áhættu eðlilega. Fjárhagsleg áhætta getur m.a. tekið til skuldsetningar, óvissu, verðmats eigna og vaxtastigs.
- Um 62% meta fjárhagslega og efnahagslega áhættu mikla í EMEA löndum eða um 30% fleiri en á Íslandi. Hlutfall fjármálastjóra sem meta fjárhagslega og efnahagslega áhættu mikla í EMEA löndum hefur hækkað um 10% síðan í vor.
- Fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa að mati fjármálastjóra á Íslandi hefur einnig hlutfallslega hækkað.
- Aðeins 12% fjármálastjóra á Íslandi telja að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi og hefur þetta hlutfall lækkað frá því í vor. Einnig má sjá meiri varkárni hjá EMEA löndunum í heild, en hlutfallið hefur lækkað úr 34% síðastliðið vor í 24%.
- Vilji til áhættutöku er meðal þeirra lægstu á Íslandi en hann er einungis lægri í Tyrklandi og á Bretlandi.
- Á Norðurlöndunum eru Finnar jákvæðastir fyrir því að auka áhættu í efnahagsreikningi (33%) á meðan hlutfallið er 12%-32% á hinum Norðurlöndunum.
- Um 75% nefna gengisþróun krónunnar sem einn af helstu ytri áhættuþáttum og heldur gengisþróun áfram að vera stærsti einstaki ytri áhættuþáttur í rekstri fyrirtækja að mati fjármálastjóra á Íslandi.


Hvernig metur þú fjárhagslega og efnahagslega óvissu sem fyrirtæki þitt stendur frammi fyrir?



Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?



Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?*




* Merkja mátti við fleiri en einn valkost. Svarmöguleikinn „Möguleg óvissa tengd stjórnámálum“ og „Áhætta tengd netárásam (e. cyber risk)“ var ekki á meðal svarmöguleika könnunar á hausti 2017.

Horfur og áherslur


Horfur og og áherslur

- Hlutfall fjármálastjóra á EMEA svæðinu sem telja fjárhagslegar horfur hafa batnað frekar en versnað hefur lækkað um 28% síðan í vor. Hlutfall þeirra fjármálastjóra sem voru neikvæðir á framtíðina jókst um helming og hlutfall þeirra sem voru bjartsýnir á framtíðina lækkaði úr 38% í 25%.
- Bjartsýni dróst saman í 19 af 20 löndum, en Grikkland var eina landið sem sýndi jávæða breytingu frá síðustu könnun.
- Fjármálastjórar utan Evruríkja eru almennt minna bjartsýnir á fjárhagslegar horfur. Þau fjögur lönd sem eru hvað minnst bjartsýn eru Ísland, Pólland, Bretland og Tyrkland.
- Á Íslandi stefna flest fyrirtæki á að lækka kostnað og stækka með innri vexti. Áherslur eru svipaðar og á undanförunum árum en hlutfall fjármálastjóra með áherslu á aukinn innri vöxt hafa aukist um 9% á milli ára auk þess sem töluvert fleiri leggja áherslu á að stækka fyrirtækið með ytri vexti eða yfirtökum (14% samanborið við 6% á fyrra ári).

Telur þú fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis hafa breyst á síðustu þremur mánuðum?



Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum?*




* Merkja mátti við fleiri en einn valkost. Svarmöguleikarnir "Fara inn á nýja markaði" og "Auka rekstrarkostnað" voru ekki á meðal svarmöguleika haust 2017

Fjármögnun


Fjármögnun fyrirtækja

- Um 38% íslenskra fjármálastjóra telja lántöku hjá bönkum hagkvæma á meðan 31% telja hana óhagkvæma. 65% fjármálastjóra í EMEA telja lántöku hjá bönkum hagkvæma.
- Af fjármögnunarleiðunum fjórum sem spurt var um í könnuninni var innri fjármögnun álitin hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af fjármálastjórum héraendis. Í EMEA löndunum var lántaka hjá bönkum álitin hagkvæmasta.
- Einungis 20% íslenskra fjármálastjóra telja útgáfu skuldabréfa hagkvæma og enn færri (16%) telja útgáfu hlutafjár hagkvæma.
- Fjármálastjórar innan EMEA landa meta lántöku hjá bönkum, útgáfu skuldabréfa og hlutafjár talsvert hagkvæmari fjármögnunarleiðir en íslenskir fjármálastjórar.


Hvernig metur þú innri fjármögnun sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




Hvernig metur þú lántöku hjá bönkum sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?



Hvernig metur þú útgáfu skuldabréfa sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




Hvernig metur þú útgáfu hlutafjár sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




Fjármögnun fyrirtækja

- Líkt og undanfarin ár telja fjármálastjórar á Íslandi að stýrivextir Seðlabankans séu of háir (79%). Þó virðist sem þetta hlutfall sé að fara lækkandi. Þegar spurningalistinn var sendur út í september voru stýrivextir óbreyttir frá fyrri könnun.
- Flest íslensk fyrirtæki stefna á að halda skuldsetningu sinni óbreyttri eða draga nokkuð úr henni.
- Borið saman við niðurstöður könnunar fyrir 12 mánuðum síðan má sjá örlítinn samdrátt í hlutfalli þeirra fjármálastjóra sem vilja auka skuldsetningu síns fyrirtækis.


Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa



Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



Sögulegt hlutfall fjármálastjóra með markmið um að auka skuldsetningu




Markaðs- og efnahagslegir vísar


Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Um 42% íslenskra fjármálastjóra telja að hlutabréfaverð muni haldast óbreytt á innlendum markaði. Væntingar um hækkunir hafa minnkað síðan síðastliðið haust en 10% færri gera nú ráð fyrir hækkun á vísitölunni. Fleiri fjármálastjórar búast nú við lækkun á OMXI8 vísitölunni (30%) en hækkun (28%).
- Aðeins 14% fjármálastjóra búast við auknum hagvexti á næstu tveimur árum og hefur þetta hlutfall dregist verulega saman síðastliðin þrjú ár.
- Meirihluti fjármálastjóra telur að gengi íslensku krónunnar muni veikjast á næstu 6 mánuðum (84%). Einungis 4% fjármálastjóra telja að gengið muni styrkjast.
- Þegar spurt var um væntingar til verðbólgu næstu 12 mánuði á Íslandi var meðaltalið 3,5%.
- Að meðaltali búast fjármálastjórar í EMEA löndunum við 2,02% verðbólgu á Evrusvæðinu en verðbólgan í október 2018 mældist 2,2%.


Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMXI8 vísitöluna eftir sex mánuði?



Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum




Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Meirihluti fjármálastjóra hérlendis hefur engar áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum (87%).
- Tæplega fimmtungur (18%) íslenskra fjármálastjóra hefur fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna 6 mánuði.
- Samanburður við niðurstöður könnunar sem framkvæmd var fyrir 12 mánuðum síðan bendir til þess að fjármálastjórar hérlendis finni minna fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis en áður.

Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?




Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna 6 mánuði?




Hæfni og aðgerðir

- Skortur á hæfni starfsfólks hefur verið vaxandi áhyggjuefni fyrir fyrirtæki í Evrópu.
- U.þ.b. einn af hverjum þremur fjármálastjórum héraendis (32%) telur sitt fyrirtæki ekki eiga erfitt með að finna starfskrafta með viðeigandi hæfni. Meðaltalið fyrir EMEA löndin í heild er 12%.
- Sú hæfni sem fjármálastjórar á Íslandi eiga hvað erfiðast með að finna er viðeigandi starfsreynsla (37%) og viðeigandi tæknileg þekking (26%).
- Fjármálastjórar héraendis eru fyrst og fremst að notast við þjálfun starfsfólks til að takast á við skort á hæfni (76%) og hafa margir hverjir einnig fjárfest í aukinni sjálfvirknivæðingu (44%).
- Aukin sjálfvirknivæðing var efst á lista í EMEA löndunum (43%) en fast á eftir fylgdi áhersla á að bjóða upp á aðlagandi starfsumhverfi (40%). Notkun tímabundins starfsfólks og þjálfun starfsfólks var einnig ofarlega á lista.

Hver af eftirfarandi hæfniskröfum starfsfólks á þitt fyrirtæki í erfiðleikum með að finna?



Að hvaða marki notar þitt fyrirtæki eftirfarandi aðgerðir til að takast á við skort á hæfni starfsfólks? (% að mjög miklu marki/að nokkru marki)



**Ábyrgðarmaður:**

Lovisa A. Finnbjörnsdóttir
Meðeigandi, Sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar

Sími: 770-4942
lovisa@deloitte.is

**Tengiliður:**

Haraldur I. Birgisson
Meðeigandi, Forstöðumaður viðskipta- og markaðstengsla

Sími: 822-7570
hib@deloitte.is

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðipjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 286.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaréttarvarið © 2018 Deloitte Global Services Limited / Deloitte ehf.